

Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið, velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2016  
UB:1602/4.1.1

**Efni: Umsögn Spoex, (innan ÖBÍ), um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, þskj. 284 - 259. mál.**

Spoex, samtök psoriasis- og exemsjúklinga styðja frumvarp til laga um 35 klst. vinnuviku. Psoriasis- og exemsjúklingar eru virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Tímafrekt getur verið að meðhöndla sjúkdómana og halda þeim niðri, hvort sem það er gert heima fyrir og/eða meðhöndlun sótt á göngudeildir, heilsugæslu, sjúkrahús eða Bláa lónið. Styttri vinnutími ætti að auðvelda sjúklingum að sinna sínum sjúkdómi án árekstra við vinnu og tryggja þannig atvinnuþátttöku þeirra og sporna við atvinnumissi.

Álag og streita tengd samþættingu vinnu og fjölskyldulífs gæti minnkað við styttingu vinnuviku, en streita er stór áhættuþáttur fyrir fólk með þessa sjúkdóma.

Virðingarfyllst,



---

Ingvar Ágúst Ingvarsson  
formaður Spoex